

## Ársskýrsla 2012

Hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra starfa fjórir lögreglumenntaðir sérfræðingar og þrír háskólamenntaðir. Þar er unnið í samræmi við lög nr. 82/2008 um almannavarnir og er áhersla lögð á að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka að almenningur verði fyrir heilsu- eða líkamstjóni, og umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni af völdum hamfara, og jafnframt að takast á við afleiðingar neyðarástands. Í kjölfar áhættuskoðunar almannavarna sem gerð var á árunum 2008-2011 og út kom í byrjun árs 2012, hafa almannavarnanefndir í umdæmum landsins farið þess á leit við almannavarnadeildina að hún aðstoði við gerð ýmissa áhættuminnkandi aðgerða til að draga úr afleiðingum hættu sem umdæmin settu sem forgangsverkefni í áhættuskoðuninni. Þar fremst í forgangi eru viðbragðsáætlanir vegna ýmis konar náttúruvár og hópслыsa og er sú vinna þegar hafin.

### Almannavarnaástand á landinu

Fra september til áramóta 2012 var fjórum sinnum lýst yfir almannavarnaástandi á landinu.

(I) Mikið veðuráhlaup gekk yfir Norðurland dagana 9 – 11. september. Rafmagnsleysi og ófærð varð allt frá Vatnsskarði í vestri austur á Melrakkaslétu. Ríkislögreglustjóri lýsti yfir neyðarstigi almannavarna 11. september á Norðausturlandi vegna afleiðinga óveðursins, að höfðu samráði við lögreglustjórann á Húsavík. Hætta var talin á gríðarlegu eignatjóni og fjárskaða í umdæminu ef ekki yrði strax brugðist við ástandinu. Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Rauði krossinn á Íslandi, heilbrigðisstarfsmen og aðrir viðbragðsaðilar brugðust við og aðstoðuðu vegna ástandsins. Mikið átak var sett af stað við leit að fé sem grafist höfðu í fönn í óveðrinu. Björgunaraðgerðir voru unnar við erfiðar aðstæður en skiluðu miklum árangri.

Þann 19. september voru haldnir 3 upplýsingafundir í umdæmi lögreglustjórans á Húsavík. Fundirnir voru í Skjólbrekku í Mývatnssveit, Ýdolum í Aðaldal og í Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði. Íbúar umdæmisins fjölmenntu á fundina sem lögreglustjórinn á Húsavík stjórnaði. Fulltrúar frá Búgarði, Bjargráðasjóði, MAST, lögreglunni, sauðfjárbændum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Rauða krossinum, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Veðurstofnunni, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og ríkisstjórninni sátu fyrir svörum. Íbúar töldu að ekki hefði nægilega verið varað við veðrinu og áttu þeir ekki von á jafnmikilli snjókomu og raun varð á. Einnig kom fram að rafmagnsleysið hefði valdið miklu og stigvaxandi tjóni þegar á leið. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra skipulagði í framhaldi af fundunum mat á ástandinu á Norðurlandi og funduðu matsmenn með búnaðarráðunautum, fulltrúum bænda og fulltrúum sveitarfélaga til að fá frekari upplýsingar um ástand mála. Þann 14. september var aflétt neyðarstigi almannavarna er samhæfingarhlutverk almannavarna lauk. Einnig varð mikið tjón í Skagafirði og Húnavatnssýslu og aðstoð veitt við fjárleit þó ekki hafi verið lýst yfir almannavarnaástandi þar.

(II) Í september og október voru í gangi jarðskjálftahrinur úti fyrir Norðurlandi. Stór jarðskjálfti af stærðinni 5,6 varð þann 21. október og fannst hann um allt Norðurland og víðar. Hrinan sem hófst í kjölfarið er sú öflugasta sem mælst hefur á 20 ára tímabili á þessu svæði. Þann 24. október lýsti ríkislögreglustjóri yfir óvissustigi vegna jarðskjálfta úti fyrir Norðurlandi að höfðu samráði við

lögreglustjórana á Húsavík, Akureyri og Sauðárkróki og að höfðu samráði við vísindamenn. Stór jarðskjálfti á Húsavíkur-Flateyjarmisgenginu gæti hleypt af stað öðrum stórum skjálfta annað hvort á sama misgenginu eða á Grímseyjarbeltinu sem liggur til norðvesturs frá Kópaskeri. Efnt var til íbúafundar á Húsavík, Kópaskeri, Akureyri, Dalvík, Siglufirði og Sauðárkróki í framhaldinu. Þar fluttu erindi og svöruðu spurningum íbúa, fulltrúar frá almannavarnanefndum umdæmanna, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Viðlagatryggingu Íslands, Veðurstofu Íslands og lögreglustjórar umdæmanna. Fundirnir voru vel sóttir. Þá voru fundir haldnir með viðbragðsaðilum við undirbúning að viðbragðsáætlun fyrir jarðskjálftasvæðin á Norðurlandi. Ríkislögreglustjóri aflétti óvissustigi vegna jarðskjálfta úti fyrir Norðurlandi 21. desember.

**(III)** Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi almannavarna 22. nóvember í samráði við lögreglustjórana á Eskifirði og Hvolsvelli vegna mælinga sem gáfu til kynna jökulhlaup og aukið vatnsrennsli úr Grímsvötnum. Um minni háttar atburð var að ræða og var óvissustigi aflétt 30. nóvember vegna jökulhlaups úr Grímsvötnum.

**(IV)** Þann 28. desember ákvað ríkislögreglustjóri að lýsa yfir hættustigi almannavarna vegna óveðurs sem spáð var á vestan- og norðanverðu landinu að höfðu samráði við lögreglustjórana á Selfossi, Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Borgarfirði og Dölum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík. Mikið óveður geisaði frá Mýrum um Vesturland, Vestfirði og austur á Tröllaskaga. Verst var veðrið á Vestfjörðum og víðtækt rafmagnsleysi og samgöngur rofnuðu. Einnig var mikil snjóflóðahætta. Ríkislögreglustjóri aflétti hættustigi 30. desember á Selfossi, Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Akranesi en óveðrið hafði óveruleg áhrif á þessum stöðum en veruleg áhrif á öðrum stöðum; tveimur dögum seinna er óveðrið var gengið niður var almannavarnaástandi aflétt.

### **Snjóflóð og rýmingar**

Í janúar, nóvember og desember var lýst yfir óvissu- og hættustigi vegna snjóflóðahættu á landinu. Í janúar og nóvember var snjóflóðahætta á norðanverðum Vestfjörðum og á Mið-Norðurlandi. Í lok desember var snjóflóðahætta á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum.

Þegar hætta skapast í umdæmi er unnið eftir ákveðnum verkferlum. Snjóflóðavakt Veðurstofu Íslands, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, heimamenn á snjóflóðasvæðum og viðbragðsaðilar æfa á hverjum vetri verkferla og viðbúnað, sem er unnið er eftir þegar snjóflóðahætta skapast á skilgreindum hættusvæðum í byggð.

### **Hópslys á sjó**

Hvalaskoðunarbátur strandaði við Lundey á Skjálfandaflóa 2. ágúst og óskaði eftir aðstoð. 32 farþegar voru um borð auk 3 manna áhafnar. Um klukkustund tók að ferja farþega frá borði. Unnið var eftir drögum að nýrri viðbragðsáætlun fyrir hvalaskoðunarbáta og önnur farþegaskip sem æfð var í byrjun júní. Engan sakaði við strandið.

## Flugatvik

Öryggislanding á Keflavíkurlugvelli var 18. maí er eitt af fjórum hjólum féll úr aftara hjólastelli flugvélar Icelandair. Landingin gekk vel.

Öryggislanding var á Keflavíkurlugvelli 16.8.2012 vegna sprengjuhótunar í flugvél sem var á leiðinni frá New York til Moskvu. Landingin gekk vel og engin sprengja fannst í flugvélinni.

## Samningar við hjálparlið almannavarna

Þann 7. mars var skrifað undir endurskoðaðan heildarsamning ríkislögreglustjóra við hjálparlið almannavarna, Rauða krossinn á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg. Upphaflegur samningur er frá 1974 en hann hefur verið endurskoðaður reglulega. Endurskoðunin sem gerðar nú er í samræmi við reynslu hamfara síðustu ára. Aukin verkefni hjálparliða almannavarna í hamförum eru m.a. varðandi upplýsingagjöf með þátttöku þeirra í fjölmiðlateymi Samhæfingarstöðvarinnar og verkefni í þjónustumiðstöðvum almannavarna. Þá var einnig lokið við umdæmissamninga á árinu. Frekar verður unnið að útfærslu þeirra verkefna.

## Futurevolc

Almannavarnadeildin er þátttakandi í stóru samevrópsku rannsóknarverkefni FutureVolc eða „Ofurstöð í eldfjallafræði“. Markmiðið með verkefninu er að þróa nýjar leiðir til að meta eldgos, forboða þeirra, útbreiðslu gosefna og jafnframt að samþætta rannsóknir á eldfjöllum vöktunarkerfi, viðbúnaði og viðbrögðum vegna eldgosa. Alls eru tuttugu og sex samstarfsaðilar í níu löndum, þar á meðal háskólar í Evrópu, stofnanir og þekkingarfyrirtæki. Á Íslandi eru þátttakendur auk almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Veðurstofa Íslands, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, og þekkingarfyrirtækin Miracle og Samsýn. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð €6,000,000 og mun verkefnið standa yfir í þrjú og hálf ár.

Almannavarnadeildin tekur þátt í verkefninu og mun einbeita sér að því að rannsaka aðferðir við að miðla upplýsingum og viðvörðunum til stofnana Evrópusambandsins, almannavarna í öðrum löndum og almennings á Íslandi. Vegna verkefnisins mun almannavarnadeildin hafa tök á að ráða sérfræðinga til rannsóknarstarfa.

## Viðbragðsáætlanir og æfingar

Gerð viðbragðsáætlana er stór þáttur í starfi almannavarnadeildarinnar. Liður í gerð þeirra og uppfærslum eru æfingar og undirbúningur þeirra. Oftast er um að ræða vettvangsæfingar í rauntíma eða skrifborðsæfingar. Á árinu 2012 var gerð hópslysaáætlun fyrir Húsavík í tengslum við hvalaskoðunarbáta og önnur farþegaskip. Í tengslum við gerð áætlunarinnar var vettvangsæfing haldin 8 - 9. júní á Húsavík og Skjálfanda þar sem látið var reyna á áætlunina, en einnig var látið reyna á fjarskiptakerfi með gáttun milli TETRA fjarskipta og VHF fjarskipta. Áætlunin uppfærð með tilliti til athugasemda úr rýnskýrslu æfingarinnar og útgefin 2. október. Hópslysaæfing var í Skagafirði 27. október í tengslum við áætlun sem

verið er að vinna þar. Skrifborðsæfing vegna farþegaferjunnar Norrænu og önnur farþegaskip var haldin 30. maí þar sem látið var reyna á nýja viðbragðsáætlun.

Á hverju ári eru nokkrar flugslysaáætlanir yfirfarnar og uppfærðar. Æfingar haldnar á flugvöllum sem hafa leyfi fyrir áætlunarflug. Á árinu voru flugslysaáætlanir fyrir flugvöllina á Þingeyri, í Vestmannaeyjum, Keflavík og Reykjavík uppfærðar, en almannavarnadeildin, Isavia og heimamenn á hverjum stað standa fyrir æfingunum. Æfðir eru viðbragðspættir vegna flugslyss og líkt er eftir brotlendingu flugvéla á flugvöllum.

Lokadrög viðbragðsáætlunar vegna gróðurelda í Skorradal voru kynnt 14. júní fyrir sumarhúsaeigendum, íbúum og landeigendum á svæðinu. Sveitarstjórn Skorradalshrepps, almannavarnanefnd Borgarfjarðar og Dala, lögreglan og slökkvilið, Skógrækt ríkisins, Vegagerðin og Mannvirkjastofnun fóru yfir áætlunina ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Íbúar á svæðinu fengu prófunarboð í farsíma með SOS viðvörðunarkerfi almannavarna 16. júní og skrifborðsæfing er fyrirhuguð snemma á næsta ári. Á árinu var unnið að handbók heilbrigðisþjónustunnar og almannavarna en um er að ræða samvinnuverkefni almannavarnadeildar ríkislögreglustjórar, Landlæknisembættisins og Sóttvarnalæknis en markmiðið með handbókinni er að hafa aðgengilegar upplýsingar um verkefni heilbrigðisþjónustu þegar hamfarir verða. Einnig hafa heilbrigðisstofnanir unnið að viðbragðsáætlun og eru þær vistaðar í SST.

Við undirbúning fyrir æfingar er í boði fræðsla og verklegar æfingar. Það eru viðbragðsaðilar sem koma að fræðslunni og undirbúningi æfinganna. Í æfingunum starfa aðgerðarstjórn, vettvangsstjórn ásamt viðbragðsaðilum frá heimahéraði og ráðgjöfum frá almannavarnadeildinni. Þá er Samhæfingarstöðin almennt virkjuð í æfingum.

Almannavarnadeildin hefur tekið þátt í æfingum Landsnets og Landsvirkjunar

## **Nefndarstörf, samstarfsverkefni og samhæfing neyðarsamstarfsins**

Starfsmenn almannavarnadeildar eru fulltrúar ríkislögreglustjóra í nefndum og verkefnum vegna rannsókna, skipulags og samhæfingar neyðarsamstarfsins í landinu.

### **Skýrsla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar**

Fulltrúi almannavarnadeildarinnar sat í vinnuhópi ásamt fulltrúum Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, sem vann skýrslu um eldgosið í Eyjafjallajökli 2010 fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina. Þar er farið yfir vöktun, viðbúnað og viðbrögð þessara stofnana vegna eldgossins í Eyjafjallajökli

### **Heildarhættumat vegna eldgosa**

Almannavarnadeildin tekur þátt í stóru samstarfsverkefni Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands, Landgræðslunnar og Vegagerðarinnar um heildarhættumat vegna eldgosa á Íslandi. Fleiri aðilar koma að gerð verkefnisins. Greining á verkefninu er hafin og er verið að gera úttekt á

þekkingu á íslenskum eldstöðvum, síðan verður forgreining á áhættu vegna flóða samfara eldgosum, forgreining á sprengigosum á Íslandi og forgreining á eldgosum sem valdið geta miklu eignatjóni þ.e. eldgosum nálægt byggð og alþjóðlegum flugvöllum. Í áhættuskoðun almannavarna kemur fram að mörg umdæmi setja gerð viðbragðsáætlana vegna eldgosa og öskufalls í fyrsta forgang. Fyrsti liðurinn í því ferli er gerð hættumats.

### **Neyðarsamstarf raforkukerfisins**

Fulltrúi ríkislögreglustjóra í almannavarnadeildinni starfar í neyðarsamstarfi raforkukerfisins (NSR), en það er vettvangur vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis, dreifiveitna, stórnotenda og opinberra aðila á Íslandi vegna vár sem steðjar að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku og/eða stórnotendum. Formlega var neyðarsamstarfinu komið á árið 2006. Markmiðið er að veita aðstoð og samræma aðgerðir í vá. Þáttur í því starfi er að treysta tengsl við Samhæfingarstöð almannavarna í Skógarhlíð og aðra viðbragðsaðila vegna forvarna og viðbragða í vá, og efla og miðla þekkingu er lýtur að neyðarstjórnun. NSR stendur reglulega fyrir æfingum um viðbrögð vegna hamfara og tók almannavarnadeildin þátt í æfingu 16. maí ásamt Landsneti um viðbrögð við stórfelldum truflunum á raforkuflutningi þar sem verulega reyndi á TETRA samskipti.

### **Nefndarstörf á vegum forsætisráðuneytis**

Síðustu tvö ár hafa tveir starfsmenn almannavarnadeildar unnið í nefnd sem forsætisráðherra skipaði árið 2010 að gerð tillagna um fyrirkomulag bóta til tjónþola í kjölfar náttúruhamfara. Tíðar náttúruhamfarir síðusta áratug kalla á samhent og skipulögð viðbrögð opinberra aðila. Mikilvægt er að greina ýmis álitæfni sem upp hafa komið og hagnýta til framtíðar. Þar á meðal er úthlutun fjármagns úr sameiginlegum sjóðum landsmanna vegna tjóna á óváttryggðum eignum og einnig með hvaða hætti á að veita ríkisstofnunum og sveitarfélögum stuðning til að takast á við aukin verkefni í kjölfar náttúruhamfara. Nefndin skilaði skýrslu til forsætisráðherra í desember 2012 með tillögum að bættu verklagi í kjölfar náttúruhamfara. Þar er lagt til að stofnaður verði hamfarsjóður, sem skuli sinna verkefnum varðandi forvarnir gegn náttúruvá og greiða bætur vegna náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr vátryggingum. Þá er einnig lagt til skýrt verklag um útgjöld og greiðslu kostnaðar í almannavarnaástandi og þáttur ríkislögreglustjóra skilgreindur í því ferli.

### **Rannsóknaráætlanir og styrkir**

Fulltrúi almannavarnadeildarinnar starfar í vinnuhópi sem hefur það að markmiði að kynna áætlanir og styrki sem eru í boði á Norðurlöndunum og innan Evrópusambandsins. Á hverju ári í janúar stendur hópurinn fyrir viðamikilli kynningu á Háskólatorgi þar kynntir eru styrkir sem standa Íslendingum til boða. Almannavarnadeildin kynnir Almannavarnaáætlun Evrópusambandsins Civil Protection Financial Instrument. Á síðasta ári voru nokkrir styrkir veittir úr sjóðnum til samstarfsverkefna, þjálfunar viðbragðsaðila og sérfræðingaskipta. Á síðasta ári fóru m.a. fjórir starfsmenn almannavarnadeildar á

vegum áætlunarinnar í sérfræðingaskipti til ítölsku almannavarnanna og kynntust þar viðbúnaði og viðbrögðum á Ítalíu vegna náttúruvár s.s. jarðskjálftum, eldgosum og flóðum.

### **Nefnd um stórslysavarnir í iðnaði**

Fulltrúi ríkislögreglustjóra úr almannavarnadeild er í samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði ásamt fulltrúum frá Vinnueftirliti ríkisins, Mannvirkjastofnun og Umhverfisstofnun. Á árinu 2012 heimsótti nefndin olíubirgðastöðina í Örfirisey og var farið yfir öryggisskýrslu og neyðaráætlanir með rekstraraðilum. Þá var áfram unnið með Olíudreifingu vegna öryggisskýrslna og neyðaráætlana fyrir aðrar birgðastöðvar. Álver ALCOA á Reyðarfirði var heimsótt og farið yfir öryggisskýrslu og neyðaráætlun. Reglulega er farið yfir stöðu á gerð öryggisskýrslna og neyðaráætlana fyrirtækja sem falla undir reglugerð um varnir gegn hættu af stórslysum af völdum hættulegra efna (160/2007). Ný Sevesotilskipun, 2012/18/EU, hefur verið gefin út af ESB og gekk í gildi í ágúst og verður hún væntanlega tekin upp hér fljótlega. Breytingarnar voru aðallega gerðar vegna nýja alþjóðlega.

### **Stefna í almannavarna- og öryggismálum.**

Starfsmenn almannavarnadeildar hafa unnið með verkefnahópi að gerð stefnu í almannavarna- og öryggismálum. Áherslur í almannavarna- og öryggismálum miða að samhæfðum vinnubrögðum stofnana, góðri nýtingu fjármuna og öryggi borgaranna gagnvart ógnum er varða almannaöryggi. Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum setur markmið og megináherslur á sviði almannavarna og öryggismála til þriggja ára í senn.

## **Ráðstefnur, kynningar og vinnufundir**

### **Nordred**

Nordred er samvinnuvettvangur almannavarna á Norðurlöndunum. Norðurlöndin skiptast á formennsku í samstarfinu, til þriggja ára í senn. Noregur hefur verið með formennsku síðustu þrjú árin, sem lauk með veglegri ráðstefnu 5 – 7. september í Stafangri í Noregi. Á ráðstefnunni fóru fulltrúar Norðurlandanna yfir alvarlega og erfiða atburði sem almannavarnir og viðbragðsaðilar hafa þurft að takast á við á síðustu árum. Ráðherra dóms- og almannavarna í Noregi, Grete Faremo, setti ráðstefnuna með opunarfyrrilestri. Henni var tíðrætt um reynslu Norðmanna frá hryðjuverkaárásunum 22. júlí 2011 og hvernig Norðmenn sýndu samhug og samstöðu í kjölfar þeirra. Síðan fóru sérfræðingar yfir hryðjuverkaárásina með augum viðbragðsaðila s.s. björgunarsveitarmenn, sjálfbóðaliðar, Rauði krossinn, slökkvilið, lögregla og heilbrigðisstarfsmenn og gerðu grein fyrir þeim lærdómi sem draga má af atburðinum. Þá var einnig fjallað um storminn Dagmar sem olli miklum usla í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi í desember 2011. Danir sögðu frá stjórnun og samhæfingu í umfangsmikilli björgun þegar 13 skólabörn og 2 kennarar lentu í sjávarháska þann 11. febrúar 2011 við eyna Præstö með skelfilegum afleiðingum. Af Íslands hálfu var fjallað um viðbúnað og viðbrögð við eldgosum á Íslandi síðustu ár. Þá var fjallað um fjölmörg sameiginleg hagsmunamál eins og öryggisfjarskipti yfir landamæri, þróun

Nordred samstarfsins, æfingar og möguleikana á sameiginlegri sýn Norðurlandanna við gerð áhættumats. Við lok ráðstefnunnar tók Svíþjóð við formennsku í Nordred til næstu þriggja ára.

### **Skráning upplýsinga og bætt verklag eftir aðgerðir**

Vinnufundur var haldinn í Kaupmannahöfn 16 – 18 janúar á vegum dönsku almannavarnanna. Danir tóku við formennsku í Evrópusambandinu í byrjun árs og af því tilefni var starfsmönnum almannavarna í Evrópu boðið á fund í upplýsingastjórnun í aðgerðum. Tveir starfsmenn almannavarnadeildarinnar sóttu fundinn. Fyrirlestrar voru haldnir um söfnun, greiningu og skráningu gagna í aðgerðum, þá var farið yfir rýni, framkvæmd og innleiðingar á reynslu og lærdómi frá aðgerðum. Unnið var markvisst í vinnuhópum sem síðar gerðu grein fyrir niðurstöðum sínum, sem almannavarnir Evrópusambandsins mun nýta til að bæta verklagið.

### **Refox 2012**

Dagana 22 -27. september var haldin stór æfing á vegum Geislavarnastofnunar Svíþjóðar og var um 400 þátttakendum boðið á æfinguna frá öllum Norðurlöndunum. Fulltrúar frá Geislavörnum ríkisins, Tollstjóra, almannavarnadeild og sérsveit ríkislögreglustjóra tóku þátt í æfingunni. Þar sem þessir aðilar starfa náið saman að ýmsum verkefnum vegna geislavarna var þetta kjörinn vettvangur fyrir þessa aðila að fara yfir viðbragð, verkaskiptingu og tæknilega úrvinnslu í æfingu. Íslenski hópurinn lagði áherslu á samvinnu þessara embætta og skilvirka verkaskiptingu auk tæknilegrar úrvinnslu. Nú stendur yfir hér á landi endurskoðun á viðbragðsáætlun vegna geislavár sem stýrt er af fulltrúa almannavarnadeildar og var æfingin liður í því starfi en Svíar standa framarlega í þekkingu og skipulagi vegna viðbúnaðar vegna geislavár.

### **Fræðslufundur samráðshópa landsins í áfallahjálp.**

Fræðsludagur var haldinn fyrir samráðshópa landsins í áfallahjálp 17. febrúar þar sem farið var yfir áherslur á sviði áfallahjálpar sem veitt hefur verið í áföllum síðustu ára. Fundinn sóttu fulltrúar frá öllum lögregluumdæmum landsins en nú hafa samráðshópar verið stofnaðir í öllum umdæmum. Ein af niðurstöðum fræðslufundsins var mikilvægi þess að lögreglan í umdæmunum starfi með hópunum og hafa flest umdæmi tilnefnt fulltrúa sína í hópana. Það er samráðshópur áfallahjálpar í Samhæfingarstöðinni sem ber ábyrgð á fræðslu til hópanna.

### **Björgun 2012**

Starfsmenn almannavarnadeildarinnar tóku þátt í ráðstefnunni Björgun 2012. Þar voru hátt í 60 fyrirlestrar í boði. Víðir Reynisson deildarstjóri almannavarnadeildarinnar hélt opnunarræðu ráðstefnunnar og lagði áherslu á að alltaf þyrfti að gera ráð fyrir hinu óvænta í hamförum og mikilvægi þess að draga lærdóm af fyrri hamförum. Almannavarnadeildin kynnti almannavarnir í fyrirlestrinum „Hvers vegna eru almannavarnir að skipta sér af“. Ráðstefnan var mjög metnaðarfull og var fjallað um björgunaraðgerðir og ýmsa þekkingu björgunarsveitarmanna sem tengjast leit og björgun, þjálfun og sérhæfðum aðgerðum.

## **Virkjun Samhæfingarstöðvar almannavarna vegna aðgerða og æfinga árinu 2012**

Samhæfingarstöðin var virkjuð þrettán sinnum árið 2012 vegna almannavarnaástands. Stöðin var virkjuð fjórum sinnum vegna flugatvika á Keflavíkurlflugvelli, tvisvar vegna slysa eða óhappa á sjó og fimm sinnum vegna óveðurs. Lengsta aðgerð ársins 2012 var vegna illviðris sem gekk yfir landið 27.-29. desember með tilheyrandi ófærð, snjóflóðahættu, rafmagnsleysi og truflunum á fjarskiptum. Vakt var staðin í 100 klukkustundir samfelld vegna þessa veðuráhlaups.

Samhæfingarstöðin var einnig nýtt nokkrum sinnum á árinu af svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1 vegna aðgerða á svæðinu eða vegna stuðnings við aðgerðir á öðrum svæðum.

Samhæfingarstöðin tók þátt í fjórum stórum almannavarnaæfingum þar sem stöðin var að fullu mönnuð árið 2012. Þessar æfingar voru: flugslysaæfing á Keflavíkurlflugvelli og ferjuslysaæfing á Seyðisfirði í maí, æfing vegna elds í hvalaskoðunarskipi á Skjálfanda í júní og flugslysaæfing á Reykjavíkurlflugvelli í október. Þá tók Samhæfingarstöðin þátt í nokkrum skrifborðsæfingum eða æfingum sem voru smærri í sniðum.

Fimm fræðslufundir voru haldnar fyrir áhöfn samhæfingarstöðvarinnar á árinu 2012.

## **Heimsóknir í samhæfingarstöð almannavarna árið 2012**

Að venju var nokkuð um heimsóknir í Samhæfingarstöð almannavarna á árinu 2012. Um helmingur heimsókna var frá innlendum aðilum en helmingur frá erlendum aðilum. Flestir innlendu aðilarnir sem heimsóttu Samhæfingarstöðina tengjast viðbragðsgeiranum beint eða óbeint. Sem dæmi um hópa má nefna slökkviliðsmenn, björgunarsveitarfólk, neyðarstjórnir stórfyrirtækja og starfsmenn sem sinna öryggismálum í ýmsum fyrirtækjum og stofnunum auk nema í greinum sem tengjast öryggi og heilbrigði fólks. Erlendir aðilar sem komu í heimsókn í samhæfingarstöðina komu flestir frá Norðurlöndunum. Voru þar bæði sendinefndir á vegum ráðuneyta almannavarna- og öryggismála, almannavarnafólk úr einstökum héruðum eða hópar frá viðbragðsaðilum. Þá komu þrír hópar frá Kína í heimsókn í samhæfingarstöðina á síðasta ári og enn hópur almannavarnasérfræðinga á vegum Evrópubandalagsins.

### **SOS viðvaranir í farsíma.**

Á árinu var tekið í notkun viðvörðunarkerfi, sem getur sent neyðarskilaboð (SMS) í farsíma. Kerfið virkar með þeim hætti að Neyðarlínan getur kallað fram alla farsíma innlenda og erlenda sem eru á þjónustusvæði símafyrirtækjanna á fyrirfram völdu landsvæði og sent þeim neyðarskilaboð með upplýsingum um aðsteðjandi eða mögulega hættu og gefið leiðbeiningar um viðbrögð. Kerfið hefur verið prófað nokkrum sinnum á árinu og hafa símafyrirtæki verið að leysa smáhnökra sem upp hafa komið. Boðin eru send frá númerinu 1-1-2 á íslensku og ensku. Viðvörðunarkerfið er mikilvægt skref í að auka öryggi íbúa landsins og ferðamanna og hefur verið notað ásamt öðrum hefðbundnum viðvörðunum almannavarna